

Fundargerð

35. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 24. maí 2013 kl. 13:00 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinhórr Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær.

Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Haraldur Sigurðsson á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 34. fundar lögð fram og samþykkt.

2. Úttekt á framkvæmd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Ásdís Hlökk Teódórsdóttir fulltrúi í úttektarnefnd borgarstjórnar kynnti helstu niðurstöður nefndarinnar sem snerta svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Umræður:

Ásdísi er þakkað fyrir gott erindi. Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt að draga lærdóm af þeim ábendingum sem dregnar eru fram í skýrslu úttektarnefndar og snerta svæðisskipulagið.

3. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040. Drög að verkefnislýsingu.

Hrafnkell kynnti drög að verkefnislýsingu og fór yfir helstu verkþætti og áætlaðan kostnað.

Niðurstaða:

Lýsing á skipulagsgerð og umhverfismati samþykkt til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Fjárhagsáætlun er vísað til stjórnar SSH.

4. Drög að tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Óskað hefur er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um drög að tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur, ásamt umhverfismati og öðrum fylgigögnum sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Ekki er talin þörf á efnislegri umsögn um tillögudrögin. Svæðisskipulagsnefnd hefur þegar brugðist við ósamræmi tillögunnar við gildandi svæðisskipulag með því að leggja til breytingartillögur á svæðisskipulaginu með ákveðnum fyrirvörum líkt og fram kemur í bókun nefndarinnar á fundi þann 19. apríl sl..

5. Tillaga að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar

Hrafnkell kynnti tillögu að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar og fór yfir breytingar frá gildandi starfsreglum.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:20.